

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstöð, umdæmi V árið 1919.

Skógurinn: Grisjun hefur farið fram í Hólunum, sunnan megin vegarins til Skriðdals. Í Partinum hefur einnig verið grisjað, áframhald frá fyrri árum. Þá í Suðurskóginum milli Kerlingarár og Staðarár, einnig haldið áfram þar semhætt var í fyrra. Eins og yfirlitsskýrslan um skógarhöggið ber með sér hefur lítið verið höggvið í raftaskóginum gamla á þessu ári, aðeins dálítið í Atlavíkinni og Vörðuhrauni. Það sem selt var af efnivið var mestallt af því sem höggvið var í fyrra (1918) Mikið þó enn óselt af því.

Víðarflutningur: Sendur til Reykjavíkur ca. 2 tonn af efnivið af því sem höggvið var í fyrra. Viðinn varð að flytja alla leið til Reyðarfjarðar landveg, því bátur er nu enginn á Fljótinu. Fyrst varð að flytja á hestum á akiðaran veg og síðan flutt á kerrum ofan Fagradal til Reyðarfjarðar. Flutningurinn varð því miklu dýrari, en orðið hefdi ef hægt hefdi verið að flytja hann á mótórbát í Egilsst.

Giróingin þurfti nokkuð mikillar viðgerðar við og var gert við hana strax og snjó leysti. Viðhald hennar fer alveg eftir snjóalögum. Hún slitnar æfinlega mikið ef snjó leggur mikinn á hana, einkum mikið í einu.

Fræsöinun: Safnað um 20-25 kg. af birkifræi og dálitlu af reynifræi hér í skóginum og eins í Egilsstaðaskógi. Auk þess ca 3½ kg. af reynifræi suður í Skaptafelli í Örefum, sem Jón Pálsson í Svínafelli safnaði fyrir mig. Frævöxtur varð fremur litill á skóginum. Virðist skógurinn ekki búinn að ná sér eftir maðkasumurinn 1915, 1916 og 1917.

Nú í sumar sást varla maðkur á skóginum. Ársvöxtur varð því minni en undanfarin sumur, einkum á ungviði og yngri skóginum. Aftur á var afskaplega mikið um smaflugur grænar og grænbláar á stærð við mýflugur. Sumstaðar visnuðu laufin af þeirra sökum, því þær lifa á blaðgrænuni, en ekki ollu þær meira tjóni þó þessu sinni. Má til þess geta að þær hafi þroskast svo vel í sumar hér, vegna hitanna í júní og júlí. Ég minnst ekki að hafa séð eins mikið af flugum þessum hér í skóginum og hvergi annarsstaðar. Má telja þetta sérstakt og nýtt fyrirbrygði í dýralífinu í skóginum. Leitt að skordýralífið er að miklu leiti órannsakað, að því að mér er kunnugt um í Skóglendum á Íslandi.

Græbireiturinn: Fræ fékkst ekkert í fyrra haust og var því ekkert til utsæðis í vor. Reynivíðarfræið, sem sáð var í fyrra kom ekki upp. Af hvaba sökum er mér ókunnugt um. Sennilega hefur það verið illa þroskað, sökum kulðanna í fyrra og hitt eð fyrra, sumaríð 1917. Reynivíðurinn og birkið, sem kom upp í fyrra þroskaðist nokkuð, einkum reynivíðurinn. Birkiplönturnar eru litlar eftir aldri, enda voru þær óvanalega smávaxnar eftir fyrsta sumaríð (1918)

Sendar til Reykjavíkur, skógræktarstjóra í vor 3500 birkipl. og 200 reynivíðarplöntur. Ekkert teljandi látið annað úr græbireitnum. Voríð kom svo seint, og sá litli áhugi sem einstaka menn hafa á trjárækt dofnað þá skiljanlega og hefur raunar gert það öll undanfarin stríðsár. Girðingarefni ófáanlegt, sem er þó fyrsta skilyrði til byrjunar trjáræktar. Það eflaust samfara ýmsum öðrum stríðsvandamálum hefur dregið úr áhuga almennings, sem áður var á trjáræktinni, þó lítil væri að vísu. Nú ætti og þyrfti þetta að fara að breytast

<u>Dreift var í vor:</u> Af ísl. Birki	3100	5/0
- - Reynivíð	800	3/0
Lævirkja	860	endurdreift
(Abies cibirica)	100	endurdreift
Ríbs stönglum	300	
Ísl Víðir stönglum	200	
Hegg stönglum	30	
Samtals:	<u>5330</u>	

Framfor var allgóð í græbireitnum. Birkið og einkum reynivíðurinn óx vel. Sögmuleiðis komu langir nýjir beinungar á Lævirkjann, en hætt að þeir þoli illa veturinn, af því hann kól svo mikið 1918. En hvað sem öðru líður þar þetta vott um að hann er ofur lífseygur, jafnvel í íslensku loftslagi og í góðu skjóli innan um birkiskógin, er ástæða til að ætla að hann þoli harða vetur án þess að líða skemmdir. En það sem nú vantar er fræ af honum, sem et til vill er erfitt að fá.

Byggingar: Sett loft í ca. 5/8 hluta af fjósinu og skilrúm yfir það þvert, því það hefur verið allt of kalt fyrir 7-8 naut, sem oftast hafa verið hér. Nú er fenginn góður hiti í það, en veggina þyrfti að fóbura innan með torfi, til að útiloka kulda og raka frá þeim. Í hinum endanum eru hafðir hestar. Á loftinu mátti hafa hey.

Hallormsstað 15. janúar 1920,
Guttormur Pálsson.